# FL Group

# Öflugt fjárfestingafélag með traustu undirstöðu

Hannes Smárason
forstjóri

# FL Group – Mikil breyting á starfsemi

- Hlutafé FL Group aukið um 44 milljarða króna að markaðsvirði
  - Eigið fé verður yfir 65 milljarðar króna eftir aukninguna
- FL Group tekur upp nýtt skipulag
  - Móðurfélagið verður fjárfestingafélag
  - Núverandi rekstrarfélögum skipt upp í alþjóðlegan flugrekstur, alþjóðafraktflug og ferðaþjónustu á Íslandi
- Samningur undirritaður um kaup á Sterling
  - Fjórða stærsta lágfargjaldaflugfélag í Evrópu
  - Áætluð velta Sterling árið 2006 ríflega 50 milljarðar króna
- FL Group og Kaupþing banki hafa undirritað viljayfirlýsingu um nánara samstarf í flugvélaviðskiptum
  - FL Group gerir ráð fyrir 3,5 – 4,5 milljarða króna söluhagnaði af B737-800 vélum
  - Leigusamningur um 4 flugvélar undirritaður við Hainan Airlines í Kína
- Aukin áhersla á alþjóðlegt fraktflug
  - 2 B747-400ERF fraktflugvélar leigðar til FL Group
  - Upphaf að fraktflugi inn á Asíumarkað
- Yfir 8 milljarða króna hagnaður fyrir skatta fyrstu 9 mánuði ársins

# Fjárfestingastefna FL Group




- FL Group verður áhrifafjárfestir með megináherslu á fjárfestingar í Evrópu
- Stefnumarkandi áhrifafjárfestingar munu að jafnaði nema 50 - 80% af heildareignum
- Stöðutökur og skammtímafjárfestingar munu að jafnaði nema 20% - 50% af heildareignum
- FL Group mun stefna að hárri ávöxtun með góðum aðgangi að verkefnum og þekkingu á einstaka atvinnugreinum
- FL Group vinnur með innlendum og erlendum aðilum, hvort heldur er í samstarfi við fjárfesta, eigendur eða stjórnendur þeirra fyrirtækja sem félagið fjárfestir í
- FL Group mun ekki einskorða sig við fjárfestingar í flugrekstri
- Eiginfjárhlutfall yfir 40% að jafnaði miðað við markaðsvirði eigna
- Stefnt að 20% arðsemi eigin fjár

# Eftir hlutafjáraukningu verður FL Group eitt af stærstu félögunum í Kauphöllinni

## *Markaðsvirði FL Group verður um 80 milljarðar*



# FL Group verður fjárfestingafélag

## Fyrir

Eitt félag í blandaðri starfsemi

- Rekstur
- Fjárfestingar
- Flugvélaviðskipti




## Eftir

**Fjárfestingastarfsemi**

- Stýring fjármagns á milli fjárfestinga
- Stjórnarsetur í tengslum við stefnumarkandi fjárfestingar
- Ekki í daglegum rekstri rekstrarfélaga
- Stýring á hlutabréfasafni félagsins
- Umsýsla um kaup, sölu og leigu á flugvélum

**Rekstrarfélög**

- Sjálfstæð rekstrarfélög með skýran aðskilnað frá fjárfestingafélagi
- Sjálfstæð stefnumótun innan rekstrarfélaga
- Eigin viðskiptaþróun tengd rekstrinum
- Skýr áhersla á flug- og ferðaþjónusturekstur

# Uppsetning fjárfestingafélagsins



# Núverandi flug- og ferðaþjónusturekstri skipt í þrjú aðskilin félög




- Gert til að auka skilvirkni í rekstri félaganna
- Mismunandi áherslur í rekstri
  - Félög sem tilheyra Icelandair Group starfa á alþjóðlegum markaði
  - Félög sem tilheyra FL Travel Group starfa á innanlandsmarkaði eða í markaðssetningu á Íslandi
- Jón Karl Ólafsson verður forstjóri Icelandair Group
- Þorsteinn Örn Guðmundsson verður forstjóri FL Travel Group
- Þórarinn Kjartansson verður forstjóri Bláfugls

# Kaupin á Sterling

***Sterling fellur vel inn í FL Group samstæðuna sem framsækið fyrirtæki í örum vexti***

**Markmið með kaupunum**

- FL Group sér tækifæri til þess að styrkja stöðu sína á evrópskum lágfargjaldaflugmarkaði sem er í miklum vexti
- Sterling er í lykilstöðu á markaðnum og er fjórða stærsta lágfargjaldaflugfélag Evrópu
- FL Group getur nýtt sér þá sérþekkingu sem er innan samstæðunnar til frekari útrásar
- Lágfargjaldaflugfélög eru arðbærustu félögin á flugmarkaðnum í dag

**Hvernig fellur Sterling inn í FL Group?**

- Sterling mun áfram verða rekið sem sjálfstæð eining og lykilstjórnendur starfa áfram hjá félaginu
- FL Group hefur áralanga reynslu í flugrekstri á markaðssvæði Sterling
  - Geta félögin því samnýtt markaðsþekkingu
  - Samlegð í rekstri flugvéla

# Kaupverðið háð afkomu á næsta ári

***EBITDA ársins 2006 notuð til viðmiðunar fyrir endanlegt kaupverð***

**Um kaupin**

- Kaupverðið á Sterling er DKK 1.500 milljónir
- Hluti af kaupverðinu er árangurstengdur - allt að DKK ±500 milljónir
- Kaupverðið miðast við að:
  - EBITDA 2006 verði DKK 345 milljónir
  - Leiðrétting kaupverðs miðast við 3,5x EBITDA frávik frá DKK 345 milljónum
  - Handbært fé verði DKK 300 milljónir við afhendingu
  - Félagið skuldar DKK 110 milljónir vegna flugvélar
- Afhending félagsins fer fram um næstu áramót, og mun Sterling því verða hluti af FL Group samstæðunni frá og með ársbyrjun 2006
- Fyrirvarar eru m.a. um samþykki samkeppnis- og flugmálayfirvalda á kaupunum

# Kaupverðið tekur mið af því verkefni sem fyrir höndum er

## ***Verðlagning á Sterling gefur FL Group svigrúm til að ná góðri arðsemi út úr fjárfestingunni***

**Verðlagningarkennitölur miðað við væntan árangur á árinu 2006[1,2]**

| | Markaðsvirði (m$) | EV/EBITDA 2006E | EV/EBITDAR 2006E | EV/Velta 2006E |
|---|---|---|---|---|
| Southwest | 12,214 | 15.7x | 14.8x | 2.4x |
| Ryanair | 6,217 | 12.1x | 11.9x | 3.8x |
| GOL | 2,903 | 8.2x | 6.6x | 2.5x |
| Jet Airways | 2,253 | 8.9x | 8.7x | 2.4x |
| Jetblue | 2,054 | 18.1x | 15.2x | 2.6x |
| Easyjet | 2,017 | 16.1x | 12.1x | 1.7x |
| AirAsia | 941 | 19.3x | 18.1x | 5.3x |
| Meðaltal | | 14.1x | 12.5x | 3.0x |
| Kaupverð á Sterling | | 3.8x | 1.4x | 0.3x |

[1] Citigroup.

[2] EV = Kaupverð (mDKK 1,500) + skuldir (mDKK 110) – Handbært fé (mDKK 300).

# Sterling eflist við sameininguna við Maersk Air

***Áætlað að sameinað félag flytji yfir 5 milljónir farþega 2006***

| | Sterling fyrir sameiningu | Maersk Air | Um Sameinað félag |
|---|---|---|---|
| Flugfloti | 10 Boeing 737 | 20 Boeing 737 | 30 Boeing 737 |
| Farþegafjöldi | Um 2,1 milljónir árið 2005 | Um 2,6 milljónir árið 2005 | Yfir 5,2 milljónir árið 2006 |
| Styrkleikar | ▪ "Yield Management"<br>▪ Lægra kostnaðarhlutfall | ▪ Sterkari staða í leiguflugi<br>▪ Samningsstaða við byrgja | ▪ Það besta frá báðum félögum<br>▪ Möguleg stærðarhagkvæmni<br>▪ Bætt nýting á flota |
| Helstu samkeppnisaðilar | SAS<br>Maersk Air | SAS<br>Sterling | SAS |
| Viðskipta plan | Lággjaldaflugfélag | Sambland | Lággjaldaflugfélag |
| Tekjuvöxtur 2000-2004 | 86% | Samdráttur | Miklir vaxtarmöguleikar í geiranum |
| Staða á CPH | Þriðja stærsta félagið | Annað stærsta félagið | Annað stærsta félagið |

Flogið frá

Sterling fyrir sameiningu: E2005




Maersk Air: E2005




Um Sameinað félag: E2006



# Leiðin að bættum rekstri

***Framkvæmdaáætlun til að snúa við rekstri Sterling hefur verið hrint í framkvæmd***

| | Íþyngjandi þættir til þessa | Bætt samkeppnisstaða | Í nýju rekstarumhverfi |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | Hörð samkeppni á heimamarkaði | Helstu samkeppnisaðilar sameinaðir, endurskipulagning á leiðum frá Kaupmannahöfn | Auknar tekjur á farþega m.a. vegna betra verðákvörðunar-kerfis<br>Betri sætanýting vegna betra jafnvægis á framboði og eftirspurn í framhaldi af endurskiplagningu leiðarkerfis<br>**Þ.a.l. aukning tekna á hvert sæti í boði.** |
| | Geta Maersk Air til að aðlaga sætaverð að eftirspurn verulega ábótavant | Notast við kerfi Sterling sem er mun skilvirkara í aðlögun sætaverðs að eftirspurn | |
| **Kostnaður** | Hár kostnaður hjá Maersk Air | Aðlaga kostnaðuruppbyggingu að uppbyggingu lággjaldafélaga<br>▪ Úthýsing á öðru en kjarnastarfsemi<br>▪ Auka internetsölu<br>▪ Lækkun stjórnunarkostnaðar | Lækkun viðhaldskostnaðar, hagkvæmari mönnun flugflota, lækkun þjálfunarkostnaðar, lækkun umboðslauna ferðaskrifstofa, lægri markaðskostnaður, lægri flugvallakostnaður, bætt nýting á flugflota.<br>**Þ.a.l. lægri kostnaður á hvert sæti í boði.** |
| | Samningsstaða við flugvelli og birgja ekki eins góð og hjá stærri flugfélögum | Einsleitur 30 véla flugfloti og stærri starfsemi í heild sinni leiðir til bættrar samningsstöðu gagnvart birgjum. | |

**Breytt rekstrarumhverfi** ▶ **Betri sætanýting** ▶ **Betri tekjustýring** ▶ **Lægri kostnaður** ▶ **Stórbætt EBITDA 2006**

# Mikill vöxtur í lággjaldaflugi í Evrópu

***Með kaupunum á Sterling hefur FL Group skapað sér sterka stöðu á vaxandi markaði***

**Áætluð þróun í fjölda flugvéla í rekstri lággjaldaflugfélaga[1]**

| | 12/2004 | Pantanir 12/2004 | Spá 12/2007 | Vöxtur 2004-2007 |
|---|---|---|---|---|
| Easyjet | 94 | 97 | 149 | 59% |
| Ryanair | 78 | 98 | 137 | 76% |
| Air Berlin | 45 | 70 | 75 | 67% |
| **Sterling í dag** | 30 | - | - | - |
| HapagLloyd Express | 11 | 0 | 18 | 64% |
| Bmibaby | 13 | 0 | 18 | 38% |
| GermanWings (LH) | 17 | 0 | 22 | 29% |
| KBA | 17 | 0 | 23 | 35% |
| Norwegian Air Shuttle | 12 | 0 | 15 | 25% |
| **Sterling fyrir samruna við Maersk** | 12 | 0 | 15 | 25% |
| Wizz Air | 9 | 0 | 18 | 100% |
| SkyEurope | 7 | 0 | 20 | 186% |
| Allir aðrir | 35 | | 40 | 14% |
| Evrópa í heild[2] | 350 | 265 | 550 | 57% |

[1] JP Morgan
[2] Samtölur eru miðað við Sterling fyrir samruna við Mærsk

**Sterling er í dag með fjórða stærsta flotann í evrópsku lággjaldaflugi**

**57% vöxtur**

# Stefnt að samstarfi með Kaupþing banka í flugvélaviðskiptum

***FL Group sér fyrir áframhaldandandi vöxt í flugvélaviðskiptum þar sem þekking félagsins og sambönd við framleiðendur gegna lykilhlutverki***

- Kaupþing banki og FL Group hafa undirritað viljayfirlýsingu um samstarf um eignarhald og leigu á 15 Boeing 737-800 til þriðja aðila
- Eignarhlutur FL Group verður 49%
  - FL Group gerir ráð fyrir söluhagnaði upp á 3,5 – 4,5 milljarða króna náist samningar í samræmi við viljayfirlýsingu
- Flugvélarnar verða afhentar á árunum 2006 og 2007
- Þegar verið samið um leigu á 9 flugvélum
  - 5 vélar verða leigðar til Air China í Kína til 8 ára
  - 4 vélar verða leigðar til Hainan Airlines í Kína til 8 ára
- Framhald af samstarfsverkefni FL Group og Kaupþing banka um kaup og leigu á Boeing 747 fraktþotu til Singapore Airlines Cargo

# Aukin sókn á alþjóðlegan fraktmarkað

***Í framhaldi af kaupum á Bláfugli heldur sókn á alþjóðlegan fraktmarkað áfram***

- Bláfugl hefur undirritað viljayfirlýsingu um leigu á tveimur nýjum Boeing 747-400ERF til 10 ára
- Flugvélarnar verða afhentar í júní 2007 og mars 2008
- Fyrsta sinn sem Boeing 747 breiðþota er í rekstri hjá félaginu
- Um er að ræða langfleygustu, stærstu og fullkomnustu fraktvélar sem völ er á í heiminum í dag
- Mikilvægur liður í aukinni sókn félagsins inn á alþjóðlegan fraktmarkað
- Heildarvelta í fraktflutningum hjá Bláfugli, Flugflutningum og Icelandair Cargo verður á þessu ári um 7 milljarðar króna

# Afkoma fyrstu 9 mánuði ársins

- Hagnaður fyrir skatta rúmir 8 milljarðar króna á fyrstu 9 mánuðum ársins, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri
    - Hagnaður alls ársins 2004 nam 4,1 milljörðum króna
- Áætlað er að birta uppgjör þriðja ársfjórðungs í 46. viku

# Sterkt eiginfjárhlutfall og aukin umsvif

## *Að loknu hlutafjárútboði mun eiginfjárhlutfall FL Group vera um 59%*

### Eiginfjárhlutfall með því hæsta sem gerist í Kauphöllinni[1]




### Eigið fé 65 milljarðar




### Heildareignir um 119 milljarðar[2]




### Velta FL Group s.l. 12 mán. auk áætlaðrar veltu Sterling 2006




[1] Eiginfjárhlutfall FL Group miðað við áætlaða stærð efnahagsreiknings 30.09.05 að viðbættu hlutarfjárútboði og að frádregnum fyrirframgreiðslum vegna 15 Boeing 737-800 vélanna.
[2] Áætlaðar heildareignir FL Group 30.09.05 að viðbættu hlutafjárútboði

# Skýr stefna í breyttu umhverfi

***Fjölmörg tækifæri framundan í rekstri samsteypunnar***

- Nýtt skipulag gerir skýran greinarmun á fjárfestingum og rekstrarfélögum
  - Móðurfélag FL Group er fjárfestingafélag
  - Rekstrarfélögum er skipt upp í alþjóðlegan flugrekstur, alþjóðafraktflug og ferðaþjónustu á Íslandi
- FL Group er áhrifafjárfestir með megináherslu á fjárfestingar í Evrópu
  - FL Group mun ekki einskorða sig við fjárfestingar í flugrekstri
  - Stefnt að 20% arðsemi eigin fjár
  - Sterk fjárhagstaða gerir félaginu kleift að takast á við metnaðarfull verkefni
- FL Group í sterkri stöðu á vaxandi låggjaldaflugmarkaði í Evrópu
  - Sérþekking félagsins nýtt til fjárfestingar í easyJet
  - Sterling meðal stærstu lággjaldaflugfélaga í Evrópu
- Búið að byggja upp grunnstoðir til vaxtar á mörgum sviðum rekstrarins
  - Stefnt er á áframhaldandi vöxt hjá rekstrarfélögum
  - Sókn í fraktflugi og flugvélaviðskiptum

# Ísland er hornsteinninn í leiðakerfi Icelandair

- Icelandair flutti 245.000 ferðamenn til Íslands árið 2004
- Það eru um 670 ferðamenn á hverjum degi
- Það er markmið okkar að auka fjölda ferðamanna til Íslands um 10% á ári næstu árin.




- Um 70% af markaðssetningu okkar erlendis er nýtt til að kynna Ísland sem áfangastað
- *Þetta er mjög óvenjulegt fyrir flugfélög – og líklega lykill að því, hve rekstur félagsins er óvenjulegur miðað við önnur flugfélög !!*

# **Icelandair** flutti um 1.4 milljónir farþega á síðasta ári

**ICELANDAIR rekur leiðarkerfi, þar sem Keflavík er millistöð – og við þjónum 3 mörkuðum**

- **Farþegar frá Íslandi**
- **N-Atlantshaf í gegnum Ísland**
- **Farþegar til Íslands**

- Skipting á milli markaða var eftirfarandi:




- Við stefnum að áframhaldandi vexti og sóknarfæri okkar liggja fyrst og fremst í því að stækka enn markaðinn til Íslands enn frekar.  Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að svo verði.
- Það verður því að efla mjög markaðssetningu á Íslandi – og þar höfum því miður verið að færast í ranga átt, þar sem fjárfestingar í markaðsstarfi erlendis hafa minnkað, með minni umsvifum hins opinbera á því sviði !

# "Return On Investment" - ROI markaðsstarf …

- Icelandair er í samkeppni á mjög stórum samkeppnismörkuðum, þar sem samkeppnisaðilar eru almennt mjög stórir.
- Þess vegna verðum við að reyna að vera sniðugri, til að standa uppúr !
- Vegna lítilla fjárráða, verðum við að tryggja, að hver króna sem við eigum skili arði !
- Það er því ekkert pláss fyrir rómantík – eða "cool" afurðir – ef tekjur koma ekki til baka.
- Markaðsrannsóknir skipta gífurlegu máli og gera okkur kleift að skilja betur þá markaði sem við erum að vinna á.
- Ný tækni og upplýsingakerfi opna á hverjum degi ný tækifæri, sem við verðum að nýta okkur eins vel og kostur er.
- Við eigum ekki að framkvæma vegna þess að við höldum eitthvað, heldur frekar vegna þess að við vitum eitthvað !
- Við erum sífellt að auka þekkingu okkar á þessu sviði hjá félaginu.
- Á endanum snýst þetta alltaf um krónur og aura – alveg sama hvort okkur líkar það betur eða verr !
- Þetta er mál okkar allra – það er sameiginlegt markmið okkar að fjölga ferðamönnum til Íslands.



# Takk fyrir

# Við skiptum markaði eftir árstíma og ástæðum ferða.

**ICELANDAIR rekur leiðarkerfi, þar sem Keflavík er millistöð – og við þjónum 3 mörkuðum**

**Farþegar frá Íslandi** | **N-Atlantshaf í gegnum Ísland** | **Farþegar til Íslands**

- Við höfum skilgreint 5 megin "gerðir" af ferðamönnum með Icelandair:

**EVRÓPA**
- Skandinavía
- Þýskaland og Holland
- UK
- Frakkland – Suður Evrópa
- Finnland - Rússland

**ÍSLAND**
1) Vetur
2) Sumar
3) Íslendingar erlendis
4) Fyrirtæki
5) "MICE" - hvataferðir

**USA**
- New York
- Boston
- Baltimore / Washington
- Minneapolis
- Orlando
- San Francisco

- Við skiptum mörkuðum síðan enn frekar niður eftir landfræðilegum skiptingum.
- Icelandair notar margar leiðir í markaðsrannsóknum, til að skilja betur óskir og þarfir viðskiptavina sinna.
- Þessi gögn eru síðan notuð til að bæta þjónustu og ná fram meiri skilvirkni í sölu- og markaðsstarfi félagsins.